

Starfsreglur kjörnefndar Birtu lífeyrissjóðs

1. gr. Gildissvið

Reglur þessa gilda um kjörnefnd Birtu lífeyrissjóðs og byggja á samþykktum sjóðsins, gr. 5.1.3 sem segir að fulltrúar launamanna skuli hafa starfandi kjörnefnd er annast framkvæmd kosninga til stjórnar og úrskurðar í ágreiningsmálum. Reglur þessar taka gildi þegar fulltrúar launamanna kjörnir til setu á ársfundum hafa staðfest reglurnar á kjörfundi.

2. gr. Skipan kjörnefndar

Kjörnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kjörnir á kjörfundi. Kjörtímabilið er þrjú ár. Kjörnefnd kýs sér formann sem stýra skal fundum.

Um skipan varamanna fer skv. 2. mgr. 3. gr. *starfsreglna stjórnar fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs*.

3. gr. Hlutverk kjörnefndar

Um hlutverk kjörnefndar fer samkvæmt samþykktum Birtu, gr. 5.1.3, þ.e. hún annast framkvæmd kosninga og úrskurðar í ágreiningsmálum.

4. gr. Boðun kjörfunda

Kjörnefnd ber ábyrgð á boðun kjörfundar. Boðun kjörfundar skal vera í samræmi við boðun ársfundar skv. gr. 6.1 í samþykktum Birtu. Kjörnefnd skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага launamanna og hópa launamanna aðildarfyrirtækja, sbr. gr. 4.1 í samþykktum, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal kjörnefnd boða til kjörfundar með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og útvarpi sem hafa dreifingu á landsvísu með minnst 14 daga fyrirvara.

5. gr. Úrskurðir í ágreiningsmálum

Kjörnefnd hefur m.a. það hlutverk að úrskurða í ágreiningsmálum er varða framkvæmd og efni kosninga. Komi t.a.m. upp ágreiningur um hæfi einstakra frambjóðenda kannar kjörnefnd hvort þeir launamenn sem bjóða sig fram í stjórn sjóðsins uppfylli hæfisskilyrði laga, reglna og samþykktu sjóðsins. Endurmat kjörnefndar skal þá taka mið af sömu ákvæðum og gilda um mat valnefndar launamanna á hæfi stjórnarmanna, sbr. gr. 4.2 í starfsreglum valnefndar. Meirihluti ræður niðurstöðu kjörnefndar.

6. gr. Dagskrá kjörfundar

Dagskrá kjörfundar skal að lágmarki vera: skipan kjörnefndar, breytingar á starfsreglum, kynning frambjóðenda, þ.m.t. á tillögu valnefndar, skipan stjórnar og varastjórnar og önnur mál.

7. gr. Framkvæmd kosninga til stjórnar

- a. Framboð til stjórnar skulu afhent kjörnefnd sem skipuð er samkvæmt gr. 5.1.3 í síðasta lagi tveimur vikum fyrir boðaðan kjörfund. Fulltrúar launamanna og varamenn þeirra í stjórn Birtu lífeyrissjóðs skulu kjörnir á sérstökum kjörfundi sem haldinn skal minnst viku fyrir

ársfund lífeyrissjóðsins, sbr. ákvæði 5.1.2 og 6.3.1 í samþykktum sjóðsins og boðaður hefur verið skv. ákvæði gr. 4.1 í reglum þessum.

- b. Um rétt til að greiða atkvæði á þeim fundi fer eftir gr. 6.3.1 í samþykktum. Hver fulltrúi greiðir aðeins einum manni atkvæði og falla atkvæði niður ef varafulltrúar mæta ekki til kjörfundar.
- c. Þeir tveir einstaklingar sem flest atkvæði fá teljast kjörnir í stjórn lífeyrissjóðsins fyrir hönd launamanna. Ef aðeins tveir einstaklingar bjóða sig fram er sjálfkjörið í aðalstjórn.
- d. Varamenn skulu kosnir sérstaklega á sambærilegan hátt og aðalmenn sbr. lið c. Ef aðeins einn einstaklingur býður sig fram í varastjórn er sjálfkjörið í varastjórn.

8. Breytingar á starfsreglum kjörnefndar

8.1 Einungis kjörfundur getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglum þessum þarf samþykki 2/3 fulltrúa á kjörfundi.

Samþykkt á kjörfundi þann 26. apríl 2017.